



## Söfnun á baggoplasti til endurvinnslu í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit.

Söfunin fer framm dagana 7 – 10 feb 2017.  
Eingöngu verður safnað hreinu baggoplasti og  
bendum við á að henda netum og spottum í gáma  
merkta almennt sorp.

En svona verður safnað :

- 7/2 : Aðaldalur, Reykjadalur, Bárðardalur og gámar á þessu svæði
- 8/2 : Kinn, Ljósavatnsskarð, Fnjóskadalur og gámar á þessu svæði
- 9/2 : Mývatnssveit
- 10/2 hreinsað upp ef eitthvað er eftir.

Vinsamlegast látið vita í síma : 414-0200 eða  
[nordurland@gamar.is](mailto:nordurland@gamar.is)

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og  
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**  
**fyrir kl. 15:00.** 😊

Verð hálf síðu er  
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386

:

**ATH!!!**

**Ég tek ekki við**  
**auglýsingum í gegnum**  
**facebook.com**





## Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag 12. febrúar klukkan 11:00.

Allir Velkomnir.

Séra Þorgrímur.



**Rauði krossinn**  
Þingeyjarsýslu

### Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

verður haldinn í Nausti, Húsavík kl. 18:30, þriðjudaginn 21. febrúar.

Rauða krossfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn en einnig eru nýir félagar velkomnir.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

## Vantar þig starf ?

Veitingarrekstur Gamla barnaskólans  
Skógum, Fnjóskadal

er til leigu næsta sumar, frábær staðsetning.

Tilvalið fyrir hugmyndaríkan einstakling.

Einnig aðstaða fyrir listsýningar og eða  
handverkssölu.

Upplýsingar í síma 8498902.





## Íbúafundur um úrgangsmál í Þingeyjarsveit

**Opnir upplýsingafundir um úrgangsmál** verða haldnir í sveitarfélaginu dagana 15. og 16. febrúar næstkomandi. Miðvikudaginn 15. febrúar verður fundur í Stórutjarnaskóla og hefst hann klukkan 20:00. Fimmtudaginn 16. febrúar verður síðan fundur í Ýdölum og hefst hann klukkan 20:00.

Helgi Pálsson frá Gámaþjónustu Norðurlands og Jónas Halldór Friðriksson umsjónarmaður fasteigna og framkvæmda hjá Þingeyjarsveit mæta á fundina. Fjallað verður um úrgangsmál, flokkun og nýjan gá mavöll sem staðsettur er að Stórutjörnum.

Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að mæta á fundina.

Oddviti

## Umsóknir í styrkvegasjóð 2017

Ár hvert sendir Þingeyjarsveit inn umsókn í styrkvegasjóð hjá Vegagerðinni. Styrkvegir eru samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega skv. lögum.

Nú óskar Þingeyjarsveit eftir ábendingum/umsóknum frá aðilum sem hafa áhuga á að fara í lagfæringar á samgönguleiðum sem falla undir skilgreiningar Vegagerðarinnar. Vegagerðin hefur heimild til að veita Þingeyjarsveit styrk til eftirfarandi samgönguleiða:

1. vega yfir fjöll og heiðar sem ekki teljast þjóðvegir;
2. vega að bryggjum;
3. vega að skíðasvæðum;
4. vega að skipbrotsmannaskýlum;
5. vega að fjallskilaréttum;
6. vega að leitarmannaskálum;
7. vega að fjallaskálum;
8. vega innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða;
9. vega að ferðamannastöðum;
10. vega að flugvöllum og landingarstöðum sem ekki eru áætlunarflugvellir, en taldir eru upp í samgönguáætlun.

### Í ábendingu/umsókn til sveitarfélagsins þurfa eftirtalin atriði að koma fram:

- Umrædd leið
- Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum. Meðal annars upplýsingar um staðsetningu og notkun vegar.
- Áætlaður kostnaður við framkvæmdir

Hafa skal í huga að samgönguleið sem nýtur styrks skal vera opin allri almennri umferð samkvæmt heimild úr vegalögum.

Áhugasamdir aðilar eru hvattir til að senda inn umsókn í gegnum netfangið [jonas@thingeyjarsveit.is](mailto:jonas@thingeyjarsveit.is) í síðasta lagi miðvikudaginn 15. febrúar.

## Lífsvefurinn

– sjálfsþekkingarnám fyrir konur  
Skógum í Fnjóskadal, 13. feb til 13. mars



### Valgerður H. Bjarnadóttir, félagsráðgjafi

Lífsvefurinn er námskeið fyrir konur sem vilja læra að þekkja sjálfar sig betur og ná að vefa margþættan vef lífsins markvisst í einkalífi og starfi. Hvernig ræktum við tengslin við sjálfar okkur og ástvini okkar, en náum um leið að þroska okkur og styrkja og sinna ábyrgð út á við? Hvernig nærum við hugann og hjartað, efnið og andann, svo úr verði sterk heild?

Mánudagskvöld, frá 13. feb til 13. mars, kl. 19:30 til 22, og laugardagur, 4. mars.

Nánari upplýsingar á [www.vanadis.is](http://www.vanadis.is) og [www.facebook.com/Vanadisinn](https://www.facebook.com/Vanadisinn)

Skráning á [vanadis@vanadis.is](mailto:vanadis@vanadis.is) fyrir 11. febrúar

## Aðalfundur

Kvenfélags Aðaldæla

verður haldinn 16 feb. Kl 20.30 í matsal skólans.  
Venjuleg aðalfundarstörf og nýjar konur ávallt velkomnar.

Stjórnin.

6. tbl.  
8. febr  
2017  
24. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



## Listasmiðjan á Laugum

Námskeið í leirlist fyrir börn og unglinga hefst laugardaginn 18. febrúar kl. 10:30-12:00. Kostnaður er 15.000.- fyrir 5 skipti og innifalið er leir, glerungar, brennsla og hressing. Unnið er með sköpunargleði og ímyndunarafl þátttakenda. Hægt er að nýta frístundastyrk barna fyrir þetta tómstundanámskeið.

Námskeið í leirlist fyrir fullorðna hefst sunnudaginn 5. mars kl. 9. Kostnaður er 35.000.- fyrir 5 skipti og innifalið er leir, glerungar, brennsla og hressing. Hægt er að fá niðurgreiðslu fræðslusjóða stéttarfélaganna.

Skráning hjá Anitu í s. 698-5161, eða á netfangið [anitakg@gmail.com](mailto:anitakg@gmail.com)



Frá Leikdeild Eflingar



Leikdeild Eflingar boðar til fundar í Seiglu mánudagskvöldið 13. febrúar kl. 20:30 þar sem rædd verður áætluð leikstarfssemi vetrarins og kannaður áhugi. Allir hjartanlega velkomnir.

Leiknefnd Eflingar.